

Arctic Smolt ehf.  
Hafnarbakka 8  
425 Flateyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. janúar 2016  
UST201510-151/S.P.  
08.12.01

### Framsal starfsleyfis – Norðurbotn Tálknafirði

Vísað er til umsóknar Arctic Smolt hf. frá 23. október 2015 þar sem óskað eftir því að færa starfsleyfi, útgefið 12. desember 2008, af Heilbrigðisnefnd Vestfjarða til þess að starfrækja land- og kvíaeldi í Botni í Tálknafirði fyrir 199 tonna seiðaeldi, frá Arctic Sea Farm hf. (áður Dýrfiskur ehf.), kt. 700807-0450 yfir til Arctic Smolt hf., kt. 600212-2570.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins, enda verður ekki önnur breyting á starfsleyfinu. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Arctic Smolt hf., kt. 600212-2570.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Arctic Smolt hf., skv. 4. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, samtals kr. 27.500. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsóttir  
Sviðsstjóri

---

# STARFSLEYFI

## Arctic Smolt hf.<sup>1</sup>

Kt. 600212-2570

Norðurbotni, 460 Tálknafirði

Til að starfrækja land- og kvíaeldi

---

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Arctic Smolt hf., kt. 600212-2570, fyrir 199 tonna seiðaeldi að Norðurbotni, Tálknafirði.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

## Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi<sup>2</sup>


### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjókvíaeldi.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda.

---

<sup>1</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af heilbrigðisnefnd Vestfjarða til Dýrfisks ehf. kt. 700870-0450 þann 12. desember 2008. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

<sup>2</sup> Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi, útgefið af Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga þann 12.8.2005.



1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:

- a) Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
- b) Fóðurnotkun og fóðurgerð.
- c) Losun efna út í umhverfið.
- d) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
- e) Magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
- f) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
- g) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
- h) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.
- i) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

## 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

2.1. Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.

2.2. Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar. Reglulega skal yfirfara botnsúr og annan búnað sem hindrar að fiskar sleppi út í umhverfið.

2.3. Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta.

2.4. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokað og í samræmi við lög og reglur. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.

2.5. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldiskerjum, fóðurgeymslum, fráveitukerfi og úrgangi á vegum fyrirtækisins, eftir því sem frekast er unnt.

2.6. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka. Hafa skal samráð við viðeigandi heilbrigðiseftirlit. Frárennsli skal vera í samræmi við bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi.

2.7. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.

2.8. Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slyshætta skapist.

## 3. Umhverfismarkmið

3.1. Frárennsli sem rennur beint í viðtaka skal að lágmarki miða við eins þreps hreinsun. Aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli skal vera fyrir hendi.

3.2. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

### Gildistaka


Leyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerð nr. 785/1999, lög nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 12. desember 2020.

Reykjavík, 5. janúar 2016<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri



Sigrún Agústsddóttir  
Sviðsstjóri

<sup>3</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af heilbrigðisnefnd Vestfjarða til Dýrfisks ehf. kt. 700870-0450 þann 12. desember 2008. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.